

Kjalnesingadagur föstudagurinn 27. júní.

Sunlaugarparty í Klébergslaug – föstudaginn 27. júní. Kl. 20 - 22

Lífandi tónlist í sundlauginni, Helmuth, Petra María og Tommi koma fram.

Glens og gaman, **Frítt í sund**, Komum saman og eigum skemmtilega stund í upphafi Kjalnesingadaga í lauginni okkar.



Kjalnesingadagur laugardaginn 28. júní 2014

Kajak kynning í Klébergslaug

Björgunarsveitin Kjölur verður með Kajak kynningu á laugardagsmorguninn 28. júní kl. 9 - 10:30 í Klébergslaug. Þátttakendur mæti með sundföt, handklæði og bros á vör.

Kirkja Örlygs á Esjubergi – helgistund kl. 11 þann 28. júní

Laugardaginn 28. Júní kl. 11 minnst Kjalnesingar þess að samkvæmt Landnámu stóð vagga kristinnar trúar á Kjalarnesi þar sem Örlygur Hrappson byggði fyrstu kirkju á Íslandi.

Í landnámu segir frá hinum suðureyska Örlygi Hrappssyni sem hugði á ferð til Íslands. Paterkur biskup hinn helgi vitnaðist Örlygi í draumi og bað hann að taka með sér kirkjuvið, fara til Íslands og reisa kirkju þar sem hann sjái fjöll þrjú af hafi og fjörð milli hvers fjalls og dal í hverju fjalli. Undir hinu syðsta fjalli í skógi áttu þrír steinar að vera og þar skildi Örlygur reisa kirkju sem hann og gerði. Hann bjóst síðar til ferðar til Íslands en hreppti hvassviðri og náði landi á Vestfjörðum þar sem skipsmenn vörðu fyrsta vetrinum og nefndu fjörðinn Patreksfjörð til heiðurs hinum helga manni. Að vori sigldu þeir síðan suður með vesturströndinni uns þeir fundu það landmið sem heilagur Patrekur hafði lýst fyrir þeim og hafði vitrast honum og tók land á Kjalarnesi. Reisti hann síðan bæ sinn á Esjubergi og gerði þar kirkju er hann helgaði heilögum Kólumkilla, þeim sem stofnsetti klaustrið í Iona á Suðureyjum árið 563. Þetta er talin vera fyrsta kristna guðshús á Íslandi. Margt bendir til að þessi kirkja hafi verið aflögð eða gerð að bænahúsi á 13. eða 14. öld.

Þó margt sé enn á huldu um landnámið og hugsanlega byggð ískra einsetumanna fyrir landnám má með sanni ætla að þessi keltneska menning hafi verið ríkjandi hér á Kjalarnesi og inn með Hvalfirði. Til að minnst þessa hefur undanfarin ár verið efnt til helgistundar að Esjubergi í tengslum við Kjalnesingadaga.

Söguganga Sögufélagsins Steina á Kjalarnesi – Gamla póstleiðin

Laugardaginn 28. júní kl. 11:30 (í beinu framhaldi af helgistundinni) kemur Björk Magnúsdóttir fornleifafræðingur og segir frá fornminjum í landi Esjubergs og nágrenni.

Björk hefur undanfarið unnið að meistaraverkefni sínu í fornleifafræði sem er rannsókn á minjum á Kjalarnesi. Gengið verður um land Esjubergs og helstu minjar skoðaðar.

Kjalnesingahlaup kl. 11:00 - víðavangshlaup frá Klébergslaug

Laugardaginn 28. júní kl. 11.00 verður Kjalnesingahlaupið ræst frá Klébergslaug. Hlaupið er víðavangshlaup og farið verður 4 km hring á Kjalarnesi.

Öllum er velkomið að koma og vera með, sama hvort viðkomandi vill ganga, skokka eða hlaupa, allt er leyfilegt. Fyrir yngstu hlauparana verður styttri hringur þar sem þeir geta reynt á þolið.

Allir sem taka þátt fá þátttökuverðlaun. **Skráning: if@umfk.is og á staðnum**



Skrúðganga frá RÓLÓ kl. 13

Fjölmennum á róló kl. 13.00 laugardaginn 28. júní og göngum fylgtu liði um hverfið okkar.

Allir að mæta með höfuðföt, Hver er með sérkennilegasta höfuðfatið? (Verðlaun í boði)

Mætum með lúðra, trommur, hávaða, vini, ættingja og góða skapið

Kaffihús og markaður í Fólkvangi kl. 13 – 17

Kvenfélagið Esja sér um kaffihús og markað í Fólkvangi eins og áður á Kjalnesingadögum.

Eigið góða stund og njótið kaffiveitinga á góðu verði um leið og þið styrkið kvenfélagið til góðra verka.

Bókið söluborð á markaðnum í Fólkvangi hjá Kolbrúnu s: 691 8283 eða brunka63@simnet.is.

Verðið er kr. 1.000 fyrir borðið eða kr. 1.500 fyrir tvö borð.



Bátsferðir og fjórhjól kl. 14 – 17

Teymt undir börnum kl. 14 – 17

Klifurveggur kl. 14 – 17

Kassabílarallý kl. 17 í portinu við Klébergsskóla

Laugardaginn kl. 17.00 í portinu við Klébergsskóla.

Kept á heimasmiðuðum kassabílum á skemmtilegri tímabraut. Tveir keppendur eru í hverju liði, einn ökumaður og einn ýtari og má samanlagður aldur keppenda ekki vera hærri en 30 ár. Verðlaun verða veitt fyrir fyrstu þrjú sætin, flottasta bílinn og þann frumlegasta.

Skráning: if@umfk.is og er hægt að skrá lið í keppnina til kl 12:00 á fimmtudaginn 26. júní.



Dómaramútur í porti Klébergsskóla kl. 17

Hvert litahverfi verður með veitingar eða eitthvað annað skemmtilegt í litum síns hverfis til að bjóða gestum og gangandi uppá og ekki síst til að reyna að hafa áhrif á dómarana, rétt áður en þeir gera upp hug sinn. Frammistaða litahverfa í „mútum“ vegur 30% á móti skreytingum hverfisins 70% ☺

Vonandi verða öll litahverfin með nóg af veitingum eða einhverju skemmtilegu fyrir gesti, gangandi og DÓMARANA.

"Dómara múturnar" verða í portinu hjá Klébergsskóla á laugardaginn 28. júní kl. 17 þið þekkið dómarana á marglitum blómum



Grillað á róló kl. 19:30

UMFK leikarnir laugardagskvöldið 28. júní kl. 21 -

Hinir árlegu Kjalarnesleikar verða laugardagskvöldið 28. Júní, **kl. 21.00** á róló (strax á eftir grillinu)

Armbeygjur, pokahlaup og fleira skemmtilegt, keppni á milli litahverfa

Er ekki kominn tími á einhverja aðra en fjólubláa?

Allir með ungir sem aldnir

Varðeldur og trúbador

Hver verður trubador í ár?



Verðlaunaafhending kl. 22.

Tilkynnt verður um litahverfi ársins, það hverfi sem dómarar telja best skreytt þetta árið, að teknu tilliti til hversu frumlegar, skemmtilegar eða bragðgóðar „mútur“ þeirra voru.

Íbúasamtökin veita verðlaun þeim þremur húsum sem dómarar telja frumlegast, flottast eða skemmtilegast skreytt.

UMFK afhendir farandbikar því litahverfi sem stóð sig best á UMFK leikunum þetta árið.

